

# Félag eldri borgara á Akureyri

## Stjórnarfundar 28. febrúar 2017.

### 11. fundargerð

Mættir: Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson varaformaður, Gestur Jónsson gjaldkeri, Margrét Pétursdóttir ritari, Hallgrímur Gíslason, Arnheiður Kristinsdóttir, Kolbrún Kristjánsdóttir, Aldís Björnsdóttir. Fjarverandi: Jón Aðalsteinn Baldvinsson og Dóra Steinunn Jónasdóttir.

1. Fundarsetning.
2. Formaður uppstillinganefndar Hildur Svava Karlsdóttir mætti á fundinn. Hún gerði grein fyrir vinnu nefndarinnar og lagði fram tillögu nefndarinnar að uppstillingalista samkvæmt lögum EBAK. Halldór varaformaður þakkaði nefndinni vel unnin störf. Gera þarf eina breytingu á uppstillingalistanum og var Svövu og Halldóri falið að leysa það mál. Fram kom að þegar kæmi að vinnu fyrir aðalfund 2018 þyrfti að skoða kosningu fulltrúa í nefndir á aðalfundi 2015 með hliðsjón af hæfilegri endurnýjun í nefndum. Í e lið 10.gr. laga félagsins segir „Leitast skal við að ekki sé skipt um alla nefndarmenn á sama aðalfundi“.

Svava Karlsdóttir gefur ekki kost á sér til endurkjörs.

Tillaga stjórnar EBAK til aðalfundar 2017 um fulltrúa í uppstillinganefnd er eftirfarandi:

Kosin 2017 til tveggja ára (1) Hugrún Hólmsteinsdóttir, Sævar Hallgrímsson og Arnheiður Kristinsdóttir.

Kosnir 2016 (2) til tveggja ára Baldur Þorsteinsson og Kolbeinn Sigurbjörnsson.

3. Um kl. 10.30 komu þau Kristinn J. Reimarsson sviðsstjóri samfélagssviðs og Bergljót Jónasdóttir forstöðumaður tólmstundamála hjá Akureyrarbæ á fundinn. Nýtt skipurit hefur tekið gildi hjá Akureyrarbæ, sjá heimasíðu bæjarins [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is). Þórgnýr Dýrfjörð stýrir Akureyrarstofu og Dagbjört Pálsdóttir er formaður öldungaráðsins. Í notendaráði félagsmiðstöðvanna eru 7 fulltrúar.

Fram kom hjá Bergljótu og Kristni að ákvörðun hefði verið tekin hjá Akureyrarbæ um að hætta að leigja út salinn í félagsmiðstöðinni í Bugðusíðu 1. Sú samþykkt gefur EBAK meiri möguleika á félagsstarfi síðdegis og um helgar. (Athuga samt tvær leigur í júlí).

Margrét minnti á mikilvægi sumaropnunar í félagsmiðstöðvunum.

Haukur sagði að reynslan af flutningi skrifstofunnar sl. haust í stofuna við hliðina á eldhúsinu í Bugðusíðu 1 væri góð. Nauðsynlegt er að fyrir liggji sem fyrst hvort skrifstofan verði áfram í þessari stofu. Bergljót óskaði eftir að það yrði óbreytt áfram. Að loknu góðu spjalli kvöddu þau Kristinn og Bergljót og stjórnarfundurinn hélt áfram samkvæmt dagskrá.

4. Fundargerð stjórnar frá 7. febr. 2017 yfirfarin og samþykkt.

5. Dagbók á skrifstofu. Færslur stjórnarmanna í viðveru skoðaðar og bókaðar eftir því sem við átti. Þann 8.febrúar fékk Halldór 6 gesti, 4 gengu í félagið, 4 greiddu félagsgjöld. Kolbrún og Aldís voru 15.febrúar og þá komu 2 sem borguðu félagsgjöld. Haukur tók viðveru Hallgríms 22.febrúar og fékk 6 gesti. Gestur gjaldkeri félagsins lagði til í framhaldi af yfirferð dagbókar að árgjöld verði innheimt með útsendingu gíróseðla eða í heimabanka en ekki tekið við peningum. Vinnan við peningagreiðslur er of mikil og hætta á villum.
6. Upplýsingar og umræða um málefni félagsins frá síðasta stjórnarfundum 7. febr. 2017 til 28. febr. 2017. a) minnisblað FKR, b) hljóðkerfi, tölva/skjávarpi námskeið 10. febr. c) biddsnámskeið, d) salur hjá Sjálfsbjörg, e) starfslýsing göngunefndar.
  - b-liður) Kaupa þarf officepakka eða fá innkaupakort til að kaupa pakka og uppfærslur gegnum netið. Vísað til FKR. Tónabúðin er með skúffumálið. Fá bendil.
  - e-liður) Starfslýsing göngunefndar samþykkt.
7. Tillaga stjórnar ásamt uppstillinganefnd til aðalfundar EBAK 27. mars nk. um skoðunarmenn reikninga:

Ásgerður Snorradóttir og Baldur Guðvinsson.
8. Gjaldkeri kynnti reikninga ársins 2016. Tap á rekstri félagsins var kr. 453.695,- og hrein eign í árslok kr. 30.241.339. Fjöldi skráðra félaga í árslok 2016 voru 1270 og hafði fjölgað um 120 á árinu. Umræður urðu um auglýsingakostnað sem nemur alls kr. 944.439 á árinu 2016.
9. Ákvörðun um tillögu til aðalfundar um árgjald félagsins fyrir árið 2018 verður tekin á stjórnarfundum 21. mars nk. og fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 tekin til umfjöllunar.
10. Lagabreytingar 5. og 10. grein. Halldóri og Hallgrími var falið að ljúka gerð texta varðandi breytingarnar og senda í tölvupósti til stjórnarmanna til yfirlestrar.
11. Viðgerð á snókerborðunum í Bugðusíðu. Samþykkt að farið verði í viðgerðina þar sem Akureyrarbær greiði fyrir sitt borð og EBAK greiði allt að kr. 170.000 fyrir sitt borð. Formanni falið að ræða við Karl Jörundsson, Pál Magnússon Hákon Aðalsteinsson og Sverri Valdemarsson um að fá staðfestingu á tilboði í viðgerðirnar.
12. Næsti stjórnarfundur verður haldinn þriðjudaginn 21. mars nk. Aðalmál fundarins verður undirbúningur vegna aðalfundar félagsins 27. mars nk. FKR -fundur verður haldinn 6. mars nk.
13. Viðvera á skrifstofu verður sem hér segir:
  1. mars Arnheiður, 8. mars Gestur, 15. mars Hallgrímur, 22.mars Margrét.
14. Önnur mál:
  - a) Bréf frá Akureyrarbæ dagsett 14. febrúar 2017 um tilnefningu fulltrúa EBAK í starfshóp um næringu aldraðra. Samþykkt að Margrét verði fulltrúi félagsins og að hún svari bréfinu.

Margrét Pétursdóttir

ritari EBAK